

## Fundargerð

18. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.  
28. ágúst 2023 klukkan 10:00 í fundarsal Skipulagsstofnunar, Eldgjá.

### Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi. Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Friðfinnur Skaftason (FS), Hjalti Jón Guðmundsson (HJG), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Hreinn Hrafnkelsson (HH) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA) sem ritaði fundargerð og Ólafur Árnason (ÓÁ). Bergþóra Kristinsdóttir, Sunna Viðarsdóttir og Greipur Gísli Sigurðsson frá Vegagerðinni og Halldór Zoëga og Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir frá Samgöngustofu komu á fund svæðisráðs undir 2. lið kl 11:00.

Tilfni fundar er að AÓ hafði vakið athygli á að vandmál hefðu komið fram varðandi siglingaöryggi og mótægisaðgerðir vegna fiskelids í Ísafjarðardjúpi sbr. nýlegt áhættumat siglinga.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Um áhættumat siglinga

AÓ fór yfir hvaða vandamál fylgja endurútgáfu leyfa og breytingum á leyfum með tilkomu áhættumats siglinga sem kveðið er á um í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Margar umsóknir um leyfi í Ísafjarðardjúpi eru innan hvíts ljósgeira og því ljóst að gera þarf breytingar á hvítum ljósgeira / siglingamerkjum, ef sá möguleiki er fyrir hendi, svo hægt verði að stunda staðbundna starfsemi líkt og fiskeldi á þeim reitum sem eru ætlaðir til þess í standsvæðisskipulaginu. Ekki liggur fyrir í hvaða ferli beiðnir um breytingar á siglingamerkjum skuli fara. Einnig vakti AÓ athygli á að breytingar á fiskeldisleyfum í Arnarfirði og Patreksfirði myndu kalla á áhættumat og mögulegar mótægisaðgerðir sem gæti þurft að skoða fljótlega.

EAA fór lauslega yfir niðurstöður áhættumats siglinga sem Vegagerðin, Samgöngustofa og Landhelgisgæsla Íslands hafa lagt fram vegna leyfisveitinga fyrir fiskeldi í Ísafjarðardjúpi þ.e. við Arnarnes SN25, Kirkjusund SN29 og Sandeyri SN36. ÓÁ rifjaði upp vinnu og niðurstöður starfshóps um siglingaöryggi sem skilaði niðurstöðum í nóvember 2022.

#### 2. Staða áhættumats og framkvæmd breytinga á siglingamerkjum

Fram kom að Vegagerðin og Samgöngustofa vinna að gerð áhættumats að beiðni Innviðaráðuneytis og í samræmi við forgangsröðun frá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Búið er að gera áhættumat fyrir þrjú svæði í Ísafjarðardjúpi (Arnarnes, Kirkjusund og Sandeyri) og er vinnu að ljúka við áhættumat fyrir fiskeldi á reit SN23 við Óshlíð og reit SN 35 við Eyjahlíð. Þegar áhættumat fyrir þessa fimm svæði liggur fyrir er hægt að taka afstöðu til mögulegra mótægisaðgerða á siglingamerkjum fyrir Ísafjarðardjúp í heild sinni. Það kom fram í máli Vegagerðar og Samgöngustofu að ekki er kveðið á um það í vitalögum nr. 31/1999 hvernig standa skuli að breytingum á siglingamerkjum og því mikilvægt skýra lögin með tilliti til þessa.

Svæðisráð mun óska eftir fundi með innviðaráðuneyti við fyrsta tækifæri til þess að fylgja málinu eftir.

Ákveðið var að ganga frá samþykkt fundargerðar með tölvupósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:05